

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. febrúar 2009
Tilvísun: UST20080500076/bs

Breyting á legu Álftanesvegar í Garðabæ - Fyrirspurn um matsskyldu. Frekari umsögn.


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. maí 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar breytingar.


Umsögn Umhverfisstofnunar var send með bréfi dags. 12. júní 2008. Þar kom fram að Umhverfisstofnun taldi að gera þyrfti frekari grein fyrir áhrifum fyrirhugaðrar breytingar á hljóðvist, jarðmyndanir og fuglalíf. Svör framkvæmdaaðila bárust 29. janúar 2009 ásamt beiðni Skipulagsstofnunar um frekari umsögn.

Umhverfisstofnun telur svör framkvæmdaaðila um áhrif fyrirhugaðrar breytingar á jarðmyndanir og fuglalíf fullnægjandi. Áhrif á Gálgahraun verða í samræmi við þá skoðun Umhverfisstofnunar að leggja eigi áherslu á að velja leiðir sem liggja sunnar í Gálgahrauni með það fyrir augum að varðveita hraunið sem mest sem eina heild. Áhrif á fuglalíf verður við færslu vegarins sambærilegt og áður var gert ráð fyrir í áðurgildandi aðalskipulagi. Umhverfisstofnun telur að gerð sé fullnægjandi grein fyrir breytingu á hljóðvist.

Að teknu tilliti til ofangreindra sjónarmiða telur Umhverfisstofnun að ofangreind breyting á Álftanesvegi skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri